

Fimmti fundur vetrarins í Gammadeild DKG, var haldinn þriðjudaginn 17. janúar, 2012, kl. 17.00 í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ (FMOS).

Tekið fyrir:

1. **Kynning á Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ.** Skólameistari skólans, Guðbjörg Aðalbergsdóttir, bauð gestina velkomna í skólann og kynnti síðan skólann og skólastarfið. Skólinn var stofnaður haustið 2009 og fékk aðsetur í fyrsta skólahúsinu í Mosfellsbæ, byggt í kringum 1924 og hýsti lengst af barnaskólann. Í húsinu hefur reyndar verið margs konar starfsemi, s.s. tónlistarskóli, skátarnir og kórar. Húsin var tekið í gegn hátt og lágt áður en skólastarfið hófst en reynt að láta það halda sem mest sínu upprunalega útliti. Lítil aðstaða er fyrir raungreinar og nú hafa verið teknar í notkun færanlegar stofur.

Í upphafi voru nemendur um 80 að tölu en eru nú um 250. Skólinn hefur smám saman byggt upp traust og nú fá þau fleiri umsóknir en ráðið verður við. Um helmingur nemenda er eldri en 18-20 ára, þar í hópi margar ungar mæður. Hópur nemenda er lesblindur og nokkrir greindir með HDAD. Nemendur koma víða að, flestir úr Grafarvogi, Grafarholti og Breiðholti en fremur illa gengur að vinna land í Mosfellsbæ. Skólinn tekur þátt í átaki með Vinnumálastofnun.

Áherslur í skólastarfinu eru m.a. að bjóða upp á metnaðarfullt nám við hæfi hvers og eins, þar sem ríkir gagnkvæm virðing í samskiptum, nemendur mæti alltaf alúðlegu viðmóti og líði vel í skólanum. Hugmyndafræðinni er ætlað að stuðla að heilbrigðu viðhorfi til lífsstíls og umhverfis, kennsluhættir ýti undir metnað og virkni. Nemendur læra í gegnum fjölbreytt verkefni, bæði skrifleg og munnleg, og æfa sig í umræðum. Reynt er að láta verkefnum ljúka í tímunum og ekki ætlast til að kennarar fari yfir þau öll. Mikið er unnið með forrit í ýmsum greinum og nýttar spjaldtölvur, en lögð er áhersla á að námsumhverfið í skólanum sé sem líkast því sem gerist í daglegu lífi nemenda. Reynt er að hafa tímana þannig að nemendum finnist þeir vera að missa af einhverju ef þeir mæta ekki, þá skipta mætingareglur ekki máli. Gert er ráð fyrir að nemendur taki stúdentspróf eftir þrjú til þrjú og hálft ár.

Stundað er leiðsagnarmat, sjálfsmat og jafningjamat en í skólanum eru engin lokapróf. Nemendur fá umsagnir í orðum en einkunnir í tölum við lok anna. Daglegt starf er metið jafnóðum m.a. með því að stjórnendur fara í tíma, setjast með nemendum í hring án kennara. Allir eiga í fyrstu að segja eitthvað jákvætt um kennarann og í annarri umferð eitthvað sem þau vildu bæta og breyta í þessum áfanga. Loks mega þau í þriðja hring segja hvað sem er. Farið er yfir niðurstöðu fundar með viðkomandi kennara og hlustað á hans hlið.

Líflegar umræður spunnust í kjölfar kynningar skólameistara sem kvaddi síðan gesti áður en kaffihlé var gefið en þáði áður rós úr hendi varaformanns.

2. **Fundarsetning.** Formlegur fundur deildarinnar hófst síðan eftir kaffihléið. Í fjarveru formanns kveikti Helga G. Halldórsdóttir, varaformaður, á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpssemi, setti fund og hafði nafnakall. Alls sóttu 20 konur fundinn (sjá meðfylgjandi skrá).
3. **Orð til umhugsunar.** Anh-Dao Tran flutti orð til umhugsunar og ræddi fjölmenningshyggju og siðareglur kennara. Hún lagði áherslu á endurmenntun kennara og hæfni þeirra til að aðlagast kennslu sína að fjölbreytni nemendanna – til að siðareglur kennara standi undir nafni.
4. **Fundargerð síðasta fundar.** Gerður G. Óskarsdóttir, ritari, las upp fundargerð síðasta fundar frá 5. desember, sl. og var hún samþykkt.
5. **Ýmis mál.** Helga minnti á landssambandsþingið 28. apríl nk. og alþjóðasambandsþingið í New York 28. júlí nk. jafnframt minnti hún á næsta fund sem verður 22. febrúar heima hjá Björk Einisdóttur. Fundi lauk með því að konur tóku lagið.

Fleira ekki tekið fyrir, fundir slitið um kl. 19.30, GGÓ fundarritari.